

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Rangárþingi ytra.

#### 1. gr.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra er heimilt að setja á sérstakt gjald vegna sorphirðu og -eyðingar, sbr. samþykkt nr. 433/2012 um meðhöndlun úrgangs í Rangárþingi ytra. Gjöld samkvæmt gjaldskránni verða innheimt með fasteignagjöldum.

#### 2. gr.

Á íbúðarhús, frístundahús, fyrirtæki, lögaðila og aðra sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar skv. 1. gr. skipar sveitarstjórn í flokka eftir áætluðu magni úrgangs. Gjaldið skal vera eftirfarandi:

	<i>Heimili</i>	<i>Frístundahús</i>	<i>Lögbýli ***</i>	<i>Atvinnuhúsnæði</i>
Sorpeyðingargjald kr.*	17.554	12.520	7.529	15.360
Sorphirðugjald kr.**	21.694			
Samtals kr.	39.249	12.520	7.529	15.360

\* Sorpeyðingargjald tekur til reksturs sorpkerfisins, s.s. reksturs gámastöðvar og förgunar- og endurvinnsluleiða. Greiðsla sorpeyðingargjalds veitir viðkomandi aðilum aðgengi að sorpkerfinu og afsetningu á heimilisúrgangi.

\*\* Sorphirðugjald er einungis lagt á heimili og innifelur það gjald leigu og losun á ílátum.

\*\*\* Sorpeyðingargjald er lagt á lögbýli sem hafa umfang umfram hefðbundið heimili, þ.e. séu fasteignir umfram íbúð og bílskúr á lögbýli er lagt á það sorpeyðingargjald.

#### 3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings ytra 9. desember 2015, samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 1246/2014.

*Hellu, 9. desember 2015.*

**Ágúst Sigurðsson** sveitarstjóri.